# 01 Wood Tex Oil Primer Grunnolía

Flügger Wood Tex eru vatnsþynntar vörur til notkunar á við utanhúss. Vörurnar veita viðnum mjög veðurþolið og sérlega endingargott yfirborð, gljáa og litheldni. Vörurnar eru auðveldar í notkun og þornunartíminn er stuttur.




## Vörulýsing

Litlaus grunnolía sem smýgur inn í viðinn, tryggir góða viðloðun og vinnur gegn rakaísogi. Eftir notkun er viðurinn meðhöndlaður með litaðri viðarvörn eða málningu.

- **Smýgur vel inn og tryggir viðloðun**
- **Vinnur gegn rakaísogi**
- **Vinnur gegn myglu- og sveppagróðri á yfirborði eftir lokameðhöndlun**

## Notkunarmöguleikar

Grunnur fyrir ómeðhöndlaðan eða slípaðan við m.a. viður sem er gagnvarinn með þrýstingi og með lofttæmi.

## Undirlag

Undirlagið þarf að vera ídrægt, hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar.
Forðast verður vatnsgildrur eða staði þar sem vatn kann að safnast fyrir.
Rakahlutfall í viði fyrir málun má að hámarki vera:
Á gluggum og hurðum: 12% ± 3; hlutar sem skaga út, girðingar og klæðningar: 18%.

## Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn, málning og trosnaðar viðartrefjar er fjarlægt með hreinsun og slípun
Óhreinindi, fita, smitandi efni og myglu- og sveppagróður er fjarlægt með hreinsun

## Notkun

Notið pensil eða rúllu.
Ef notuð er rúlla er strokið yfir með pensli að síðustu.
Umframgrunnolía er strokin af.
Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins
Engin rakauppsöfnun má verða á meðan efnið þornar/harðnar.
Forðist að vinna í beinu sólarljósi.
Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða.
Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann.
Gerið ævinlega prufu til að kanna viðloðun og útlit.

## Væntanleg útkoma

Litlaust og dregur ekki í sig vökva.
Lokameðhöndlun skal fara fram strax að lokinni þornun.
Óhindruð áhrif af raka, vatni og sólarljósi brjóta grunnolíuna niður.

## Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.
Gerið viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.
Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

## Viðbótar upplýsingar

Skrád i gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Nordurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt ad nota vid Svansmerkt byggingarverkefni.

## Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Grunnolía |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.0 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 22 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 21 |
| Efnisnotkun (m²/ltr.) | 6 |
| Long spreading rate (m2/l) | 10 |
| Short Spreading rate (m2/l) | 4 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðnun | Min. +5°C |
| Loftraki | Hámarks loftraki 80% RH. |
| Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar) | 1 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 6 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| þynning | Má ekki þynna |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

**Núverandi TDS útgáfa**

febrúar 2023

**Í staðinn fyrir TDS útgáfu**

desember 2021